



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Reynisholt

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat.....	5
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	8
4	Innra mat Bjartalundar	10
5	Innra mat Geislalundar	11
6	Innra mat Sunnulundar	12
7	Innra mat Stjörnulundar	13
8	Umbótaáætlun 2025-2026.....	14
9	Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	19
10	Samstarf leikskóla við Sæmundarskóla og frístund.....	20
11	Foreldrasamvinna.....	20
12	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	21
13	Fylgiskjöl	21
13.1	Umsögn foreldraráðs	21





1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2024-2025 hefur gengið vel í Reynisholti. Við höfum haft nokkuð stöðugan starfsmannahóp í skólanum þetta skólaár og verið heppinn með það góða fólk sem hefur bæst í hópinn okkar. Elstu börn leikskólans tóku í fyrsta skipti þátt í tónleikum í Hörpunni sem er hluti af barnamenningarhátíð Reykjavíkur. Gaman var að fylgjast með undirbúningnum og þeim áhuga sem börnin sýndu tónlistinni og auðvitað tónleikunum sjálfum. Ég hefði getað talið upp ótal verkefni og stundir úr skólastarfinu í vetur en ég nefni þennan viðburð sem dæmi um þá grósku sem á sér stað í okkar leikskólastarfi og sem dæmi um vilja starfsfólks leikskólans til þess að prufa nýja hluti til að auðga starfið með börnunum. Það sem stendur upp úr á þessu skólaári er sköpunin og hve opið starfsfólk leikskólans er til þess að hlusta á hugmyndir barnanna og tvinna þær inn í faglega starf leikskólans. Ég fylltist stolti þegar ég gekk í gegnum leikskólann fyrir opna húsið sem við höldum í maí yfir því flotta starfi sem við höfum átt með börnunum. Margt af því sem fram fer í leikskólanum er ekki jafn áþreifanlegt og þau verkefni sem þar voru til sýnis. Hlutverk starfsfólks í að efla félagsþroska, frumkvæði í leik og auka vægi sjálfsprottins leik er ekki síður mikilvægt. Ánægjulegt er að sjá út úr niðurstöðum foreldrakönnunar að foreldrar barnanna telja að starfsfólk leikskólans sé að standa sig vel í því hlutverki.

Í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2024- 2025 settum við okkur þrjú markmið, að stuðla að valdeflingu barna í leikskólanum, endurskoða móttökuáætlun nýrra starfsmanna og gera nýja námskrá fyrir leikskólann þar sem nýjum áherslum í aðalnámskrá leikskólanna væri bætt við. Deildir leikskólans hafa tekið þennan fyrsta þátt, að stuðla að valdeflingu barnanna og innleitt það í starfið á ólíkan hátt. Hjá yngri deildum var áhersla á sjálfshjálp og sjálfræði og hjá eldri var áherslan á leikinn og samskipti barnanna. Hefð er fyrir því að elstu börn leikskólans fari í ferðir yfir sumarið og fyrir þetta sumar voru börnin höfð með í ráðum hvað ætti að gera og hvert ætti að fara í lengri og styttri ferðum sumarsins. Þau fengu þarna tækifæri til þess að hafa áhrif á starfið. Við viljum halda áfram á þessari braut, að hlusta á raddir barnanna í skólastarfinu og höfum því ákveðið að setja þennan þátt aftur inn í umbótaáætlun okkar fyrir næsta ár. Að þessu sinni viljum við bæta við þátttöku þeirra í mati á skólastarfinu og breytingum sem þau myndu vilja sjá, það verður fróðlegt að sjá hvernig það mun ganga.

Aðstoðarleikskólastjóri okkar hefur leitt þá vinnu að endurskoða móttökuáætlun nýrra starfsmanna og hefur sú vinna gengið vel. Niðurstöður starfsmannakönnunar sem Reykjavíkurborg lét gera fyrir árið 2024 sýnir að við erum raunverulega að sinna nýliðafræðslu og að áhersla okkar á góðar móttökur fyrir nýtt starfsfólk er að skila sér í öruggara starfsfólki. Lítil starfsmannavelta er í





leikskólanum og hugsanlega má tengja það að einhverju leyti við góðar móttökur og þá handleiðslu sem starfsfólk er að fá frá reyndum starfsmönnum leikskólans.

Þriðji þáttur umbótaáætlunar fyrir skólaárið 2024-2025 var innleiðing nýrra þátta aðalnámskrár leikskóla í námskrá leikskólans. Sú vinna er enn í gangi, en talið var mikilvægt að starfsfólk leikskólans fengi fræðslu um hvað þessir nýju kaflar aðalnámskrárinnar þýddu fyrir skólastarfið og því var einum skipulagsdegi varið í að fræða starfsfólk um mikilvægi leiksins og að hann fái gott rými í skólastarfinu og eins fékk starfsfólk fræðslu um inngildingu og fullgildingu.

Undir lok síðasta skólaárs og í byrjun þessa skólaárs fóru fram talsverðar framkvæmdir í norðurhluta leikskólans þar sem yngsta deild leikskólans og sérkennslurýmið er. Framkvæmdunum átti að vera lokið fyrir þetta skólaár en drógust töluvert á langinn og fylgdi framkvæmdunum nokkuð rask á skólastarfinu. Komið var upp gríðarstóru loftræsti kerfi á yngstu deildina og hiti settur í gólfíð á öllum norður hluta skólans. Framkvæmdirnar reyndu á útsjónarsemi starfsfólks tengt nýtingu á því rými sem við höfðum og þolinmæði, en vil ég nýta tækifærið og þakka öllu starfsfólki leikskólans fyrir það jákvæða hugafar sem það sýndi í þessum framkvæmdum.

Fyrir þetta skólaár var ákveðið að búa til sér deild fyrir alla sérkennslu leikskólans og fékk deildin heitið Mánalundur. Nýr sérkennslustjóri leikskólans stýrir deildinni og veturinn 2024-2025 störfuðu fjórir starfsmenn á deildinni. Skipulag og fyrirkomulag deildarinnar hefur gengið vel og mun halda áfram á næsta skólaári.

Starfsmannakönnun sem Reykjavíkurborg lét gera fyrir árið 2024 sýnir að starfsfólk Reynisholts er ánæggt í starfi sínu og stolt af starfsstaðnum sem það starfar hjá. Flestir þættir könnunarinnar eru að hækka á milli ára og er ánægjulegt að sjá að starfsfólk leikskólans metur að starfsaðstæður þess séu að batna. Það þýðir að þær aðgerðir sem farið hefur verið í á síðasta ári tengt kaffistofu starfsfólks, vinnuaðstöðu og loftgæðum hafa verið að skila sér en við munum halda áfram að vinna að bættri vinnuaðstöðu á næsta skólaári.

Eins kom foreldrakönnun leikskólans mjög vel út, hægt er að greina úr foreldrakönnuninni að foreldrar eru ánægðir með samskipti þeirra við skólann og það viðmót sem mætir þeim. Það sem við sjáum að er hægt að gera meira af er að við gætum kynnt áherslur leikskólans betur og við gætum kynnt betur fyrir foreldrum hvernig þau geti fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið í leikskólanum. Við munum því kynna hlutverk sérkennslustjóra, þá stoðþjónustu sem er í boði og kynna farsældarlögin enn betur fyrir foreldrum á foreldrafundi að hausti.





Fyrir næsta skólaár höfum við ákveðið að leggja áherslu á valdeflingu barna, reyna að fá raddir barnanna meira inn í starfið og mat á starfinu. Við ætlum að gera leiknum hátt undir höfði í starfi okkar og búa til stefnu með starfsmönnum leikskólans tengt leiknum. Eins ætlum við að endurskoða læsisáætlun leikskólans.

2 Innra og ytra mat

Innra mat

Hvað var metið?	Viðburðir með foreldrum
Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum og deildarstjórafundum, alls tvö skipti. Leitast var eftir álitni á tíðni, viðfangsefnum og tímasetningu viðburða. Í fyrra var leitast eftir álitni foreldra.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Heilt yfir var starfsfólk ánægt með viðburðina. Þeir eru vel sóttir og var afslappað andrúmsloft. Í fyrra kusu foreldrar föstudaga tilvalda til viðburða en í ár voru nokkur börn með styttingu á föstudögum ásamt því að börn voru í fríi. Því var ákveðið að fimmtudagar væru betri viðburðardagar. Ekki vildu þeir fækka viðburðum en fannst sérstakt að ömmu og afa kaffi er snemma vetrar (í nóvember) áður en við bjóðum foreldrum og stuttu fyrir opið hús. Það var því ákveðið að sleppa því í ár á dagatalinu. Aðrir viðburðir héldu sér.





Hvað var metið?	Viðburðir leikskólans
Hvernig fór matið fram?	Eftir hvern viðburð sem haldin er í leikskólanum er unnið endurmat um viðburðinn sem er svo stuðst við á næsta ári. Unnið á deildarstjórafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Deildarstjórar sem leita álits starfsfólks síns
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Viðburðir heppnuðust vel heilt yfir og gott að geta rífað upp og breytt. Allt starfsfólk hefur tækifæri til að koma sínum athugasemdum á framfæri og þær eru skráðar til næsta árs.

Hvað var metið?	Teymisfundir
Hvernig fór matið fram?	Allt starfsfólk leikskólans er í teymum tengdum áhersluþáttum okkar. Hvert teymi metur sitt umráðasvið að vori og setur sér ný markmið. Hér verða niðurstöður teymanna aðgreindar eftir litum <i>Listgreinateymi</i> , <i>umhverfisteymi</i> , <i>læsteymi</i> , <i>lífsleiknateymi</i> .
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Umhverfisráð náði 7 fundum og nýttust þeir vel í að stilla saman strengi. Unnið var með dýr í nágrenninu yfir veturinn og mikil gróðursetning um vorið (í bambahúsi, kartöflur og gulrætur). Erfiðlega gekk að funda með börnunum og verða þeir fundir í fastari skorðum fyrir næsta ár. Einnig ætlum við að leggja meiri áherslu á matarsóun, neyslu og úrgang. Allt þetta er hluti að aðgerðaáætlun fyrir Grænfánann. Læsteymið náði 7 fundum og gekk vel að halda utan um læsisþáttinn. Lestraráttak í apríl gekk sérstaklega vel og verður haldið áfram með það. Lubbi er virkur á öllum deildum og einnig verður haldið áfram með tákni með tali innleiðinguna.





	Lífsleiknateymið náði 6 fundum. Settar voru inn áskoranir á deildar sem gekk vel. Innleitt var námsefni frá Hugarfrelsi á allar deildar og markvisst var unnið með tilfinningaþjálfun. Fyrir næsta vetur ætlum við að taka jógaundirnar föstum tókum og auka hugmyndir sem hægt er að gera í þeim. Einnig ætlum við að yfirfara jógakörfur deildanna. Listgreinateymið náði 7 fundum og gekk vel að halda utan um áherslurnar. Listgreinateymið hélt utan um vinastundir og afmælisstundir sem gekk vel. Næsta vetur verður áherslan á að gera öskudagsbúninga og mun listgreinateymið halda utan um þá vinnu ásamt vinastundunum og þemaverkefnum innan húss.
--	--

Ytra mat

Hvað var metið?	Stofnun ársins – viðhorfskönnun starfsmanna
Hvernig fór matið fram?	Framkvæmt af Reykjavíkurborg og spurningarlisti lagður fram í gegnum tölvupóst starfsmanna.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Leikskólinn er örlítið undir heildarmati í samanburði við aðra leikskóla. Lægstu þættir könnunar eru tengdir sveigjanleika í vinnu og launakjörum. Hæstu þættir eru tengdir ímynd leikskólans og ánægju og stolti. Tækifæri til umbóta tengjast hljóðvist og breytingum tengt vinnu- og skrifstofurými.





Hvað var matið?	Viðhorfskönnun foreldra
Hvernig fór matið fram?	Framkvæmt af Reykjavíkurborg og spurningarlisti sendur á foreldra
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Könnunin kom afar vel út og erum við þakklát traustinu sem foreldrar sýna okkur. Fimm lægstu þættirnir voru allir yfir meðaltali Reykjavíkurborgar. Tækifæri til umbóta tengjast fræðslu til foreldra um áherslur leikskólans og þau bjargráð sem leikskólinn getur veitt foreldrum.

3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Valdefling barna – uppeldis og menntastarf Leikur barna – uppeldis og menntastarf Endurskoðun á læsisáætlun – innra mat, uppeldis og menntunarstarf Fræðsla til foreldra
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að fá rödd barnanna betur inn í starfið og mat á starfinu. Að auka flæði í starfinu. Að efla hæfni starfsfólks í að fylgjast með leik barna og ýta undir tækifærin sem þar birtast. Endurskoða og uppfæra læsisáætlun í samræmi við áherslur Reykjavíkurborgar Að kynna stefnu leikskólans, tilgang farsældarlaganna og stoðþjónustuna sem í boði er fyrir foreldrum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skapa sameiginlega sýn um valdeflingu barna, hvar erum við að gera vel og hvar getum við gert betur. Út frá því vinna aðgerðaráætlun með deildum.





	Rífa upp verkefni um leikinn frá árunum 2019 – 2021 og fá sameiginlega sýn frá starfsmannahópnum um hvert við viljum stefna. Komin er tími á uppfærslu á læsisáætlunni vegna aldurs og nýrra áherslna frá Reykjavíkurborg. Starfsfólk leikskólans mun taka þátt í þessari vinnu á skipulagsdegi Á haustfundi með foreldrum verða farsælar lögin kynnt, hlutverk sérkennslustjóra og þá stoðþjónustu sem stendur foreldrum til boða
Ábyrgð	Deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri Deildarstjórar og starfsmenn deilda Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026 September 2025 – maí 2026 Nóvember 2025 – mars 2026 Ágúst 2025 – október 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundargerðir frá starfsmanna – og deildarfundum Rýnihópur með börnum í vor Könnun til starfsfólks þar sem viðhorf til skráninga í leik eru skoðuð að hausti og vori Skráningar á leik barna Fundargerðir Umræður með starfsfólki um innihald og stefnu læsisáætlunar. Hún verður svo borin undir foreldraráð til samþykktar. Foreldrakönnun um hvort foreldrar viti og nýti sér þessa þjónustu.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að leikskólinn finni hagnýta leið til að fá rödd barnanna betur inn í mat og starf leikskólans. Að börnin taki þátt í undirbúningi og mati á helstu viðburðum ársins. Að flæði verði áberandi í leik og starfi





	Að starfsfólk eflist í að setja upp ný gleraugu til að sjá leikinn og börnin í jákvæðu og sterku ljósi. Að starfsfólk geri sér grein fyrir mikilvægi sjálfsprottins leiks, beri virðingu fyrir honum og fái verkfæri til að þróa hann áfram. Að læsisáætlunin endurspegli núverandi leikskólastarf og geti verið leiðbeinandi fyrir skipulag starfs á deildinni. Að foreldrar þekki ferlið til stoðþjónustunar og hafi aðgang að bjargráðum fyrir sig og börnin sín. Að foreldrar þekki réttar boðleiðir þegar áhyggjur vakna, hafi fengið kynningu um farsældarlögin og nýti sér þau bjargráð sem eru í boði (sérkennslustjóri og þjónustumiðstöð).
--	--

4 Innra mat Bjartalundar

Á Bjartalundi veturinn 2024 -2025 dvöldu 16 börn, öll voru það fædd árið 2022 en um áramót hætti eitt barn og annað kom í staðinn, það barn er fætt 2024. Á deildinni voru 4 fastir starfsmenn í fullu starfi. Aðlögun gekk vel í flestum tilfellum og í kjölfarið var hægt að vera með skipulagt starf. Fjögur markmið voru sett fyrir veturinn þau voru *lýðræði barna, Læsi/ tákn með tali, Sjálfstæði/ valdefling barnanna og sköpun*. Unnið var með samskiptafærni barnanna og hún þjálfuð. Skráningar áttu stóran þátt í leikskólastarfinu en gerðar voru skráningar í könnunarleik, vettvangsferðum, dagur bókarinnar, afmælissskráningar, Lubbi finnur málbein skráning, ásamt því var gerð skráning tengd sjálfsmyndum barnanna sem var gerð tvisvar sinnum yfir tímabilið. Flestir starfsmenn tóku skráningar að sér og gekk það mjög vel. TMT gekk ágætlega en héldum við okkur við allt sem tengist matartímum og er stefnt að bæta enn frekar á komandi skólaári.

Sjálfstæði barnanna fékk að blómstra allt eftir aldri og þroska hvers og eins. Börnin fengu mikla þjálfun í fataklefanum og unnið að valdeflingu barna á fjölbreyttan hátt. Í tengslum við matartíma þá æfðu þau sig að ganga frá eftir hádegis og síðdegishressingu. Sett voru markmið að hvetja börnin að nota klósett og kopp og gekk það von framar þar sem mörg börn hættu með bleyju í vetur.

Velliðan barnanna var forgangsraðað ofar öllu og reyndi starfsfólk eftir fremsta megni að vera til staðar í leiknum og styðja við félagslegan þroska þeirra. Mesti lærdómurinn tengt félagsfærni fer fram í gegnum leik og gekk það nokkuð vel í vetur. Jógastundir voru haldnar flestar vikur og var kennd bæði fyrir og eftir áramót. Í þeim var lögð áhersla á ævintýraferðir þar sem við breyttumst í allskonar





dýr en einnig var unnið með jógabækur. Slökunaræfingar, nudd, snertileikir og öndunaræfingar skipuðu stóran sess í stundunum en einnig í daglegu starfi, svo sem samverustundum og matartímum.

Lundurinn var nýttur í útinám og fengum við að nýta lundinn á miðvikudögum í vetur ásamt því að farið var í gönguferðir m.a með kíkí að skoða Reynisvatnið og fuglalífið. Við hefðum viljað fara oftar en það er komið í aðgerðaáætlun fyrir næsta skólaár. Við gróðursettum um vorið og fengu börnin val um tvær tegundir og fengu þau að fylgjast með því vaxa og dafna og fengu síðan að taka með heim. Einnig voru fleiri matjurtir settar í Bambahús ásamt því að settar voru niður gulrætur í beðið í garðinum. Sköpunin átti sinn part í vetur og föndruðu börnin verkefni tengd Lubba, ásamt því að gera sjálfsmyndir og bardúsa ýmislegt saman.

Næsta vetur ætlum við að halda áfram með **sjálfbærni** þar sem það er einn þáttur menntunar. Ætlum að æfa okkur að láta vatnið ekki renna of lengi, ekki að fíkta í ljósarofum, passa upp á klósettpappír og handþurrkur, fara saman út með endurvinnslu, týna rusl og rækta matjurtir og passa vel upp á Bambahúsið okkar. **Sköpun** markmið með sköpun er að búa aftur til kíkí fyrir gönguferðir, hvetja börnin til sköpunar í leik, nota allskyns efnivið til listsköpunar, búa til hristur í samverustundum í tónlist. **Sjálfstæði og valdefling** halda áfram að hvetja börnin að klæða sig og láta rödd sína heyrast ásamt því að leyfa þeim að æfa sig að smyrja sjálf í nónhressingu.

Eins ætlum við að bæta inn skráningu í leik barnanna og gefa okkur starfsfólkinu tíma til að ræða saman um leikinn. Halda áfram með innleiðingu á Tákn með tali. Grípa hvert tækifæri til að gera allt starfið enn betra með því að tala saman „betur sjá augu en auga“. Samvinnan gengur mjög vel í leikskólanum.

5 Innra mat Geislalundar

Veturinn 2024-2025 voru 16 börn á Geislalundi, 11 börn fædd 2021 og 5 börn fædd 2022. Stöðugildi voru 4. Aðlögun fór að mestu fram yfir sumarið vegna framkvæmda í húsi. Ný börn komu í aðlögun að hausti og gekk hún vel. Deildin settist fljótt en við gáfum okkur samt sem áður gott rými til að kynnst og skapa öryggi fyrir börnin.

Við rýndum í dagskipulagið fyrir veturinn með það að markmiði að auka rými fyrir frjálsan leik. Við ákváðum að hafa kaffitíma barnanna í flæði, þ.e. börnin gátu komið og farið í kaffitíma þegar þeim hentaði innan ákveðins tíma og reyndist það vel til að auka rými til leiks. Eins ákváðum við að skipta stundum tengdum áherslum leikskólans niður á daga í staðinn fyrir að hafa þær á ákveðnum tíma dags alla daga vikunnar. Á mánudögum fórum við í hreyfingu í Marteinslundi (salnum), á þriðjudögum





var jóga, á miðvikudögum voru gönguferðir/útinám og á fimmtudögum fórum við í Reynislund í útinám. Þetta reyndist mjög vel og gekk vel að ná utan um áherslurnar með þessum hætti. Unnið var með aðrar áherslur alla daga s.s. öndunaræfingar fóru fram fyrir matartíma, í kyrrðar- og samverustundum og voru þannig nýttar í daglegum athöfnum.

Föst verkefni þetta árið voru sjálfsmyndir að hausti og vori, jólagjafir til foreldra, fjölskyldumyndir að vori ásamt þemaverkefni út frá áhuga barnanna sem í ár var verkefni um tröll. Þemaverkefnið var mjög fjölbreytt og náði til allra áhersluþáttanna okkar.

Útinám hefur gengið vonum framar í vetur. Markvissar gönguferðir upp að Reynisvatni hafa einkennt starfið og höfum við fylgst með vatninu og náttúrunni þar í kring taka árstíðarbundnum breytingum ásamt frjálsum leik í ósnortinni náttúru.

Umbótaþættir í vetur voru fjórir, áhersla á Tákn með tali, valdefling barna, lýðræði og málörvun. Tákn með tali var ekki eins markvisst og lagt var upp með en var þó sýnilegt og notað í daglegum athöfnum. Tákn við matarborð og í leiknum voru mest notuð en gott væri að kynna TMT betur fyrir nýju starfsfólki. Valdefling barna gekk mjög vel og tókum við eftir miklum framförum hjá börnunum á ýmsum sviðum og sjálfshjálpi jókst. Börnin fengu rými og tíma til að reyna sjálf, t.d. í fataklefa. Þá fórum við markvisst í að láta öll börn fara á salernið og færni þeirra jókst fljótt. Einnig sáum við miklar framfarir í samskiptum og í leik og voru börnin farin að leysa ágreining sín á milli sem áður þurfti aðstoð með. Í tengslum við lýðræði þá hefur gengið vel að beita virkri hlustun og fylgja hugmyndum barnanna. Þau fengu aðgengi að fjölbreyttum efnivið og fundu að á þau væri hlustað. Málörvun fékk mikið rými yfir daginn, lestur bóka á hverjum degi, sögur sagðar, vísur og lög æfð, orð voru lögð á athafnir við hvert tækifæri o.fl. Lubbi finnur málbein var sýnilegur en hefði mátt vera markvissari undir lok vetrar. Sá þáttur verður hluti af umbótaáætlun næsta árs ásamt því að fara dýpra inn í valdeflingu og lýðræði barna.

6 Innra mat Sunnulundar

Þennan vetur dvöldu 20 börn á Sunnulundi, 8 börn fædd 2021 og 12 börn fædd 2020. Á deildinni voru 4 fastir starfsmenn í fullu starfi.

Í ár var áherslan á lýðræði, læsi, tónlist og umhverfisfræðslu. Börnin tóku virkan þátt í lýðræðislegum vinnubrögðum eins og atkvæðagreiðslum á valfundum, ákvörðunartöku (t.d. í samverustundum, við val á mat fyrir skólann og í vali á listaverkefnum sem þau vildu prófa) og æfðu gagnkvæma virðingu og virka hlustun í daglegum morgunhringjum. Umhverfisfræðslan var hagnýtt og handbær, þar sem börnin lærðu um fisktegundir í gegnum söngva yfir veturinn og íslenska náttúru og fulgalíf þegar





voraði með garðyrkju og vettvangsferðum að Reynisvatni. Læsið var áberandi í fjölbreyttum verkefnum þar sem unnið var að sögugerð, farið mánaðarlega á bókasafnið, sungið, börnin hvött til tjáningar og unnið með tilfinningalæsi og læsi á stærðfræði og umhverfisfræði. Vel gekk á starfsárinu að leggja grunn að lýðræðislegum gildum, auka þátttöku barna og efla félagsþroska þeirra ásamt því að gefi þeim tækifæri til að efla hugarleikni sína enn frekar.

Í vetur var unnið markviss að tilfinningalæsi og vellíðan barna og nýttar aðferðir eins og Tilfinningaskrímslin, samræður, sjónræn tilfinningaspjöld, öndunaræfingar, hugleiðsla og jógaundir. Okkur langar þó að gera enn betur og efla starfsfólkið í að styðja við tilfinningar barnanna í gegnum leik og tjáningu þeirra.

7 Innra mat Stjörnulundar

Veturinn 2024-2025 voru 25 börn á Stjörnulundi, 14 börn fædd 2019 og 11 börn fædd 2020. Þetta skólaárið störfuðu fimm starfsmenn á deildinni, einn starfsmaður leysti starfsmenn af í undirbúningstíma þeirra og einn starfsmaður Mánalunds, sá um sérkennsluna á deildinni, var stuðningur barns á Stjörnulundi.

Við lögðum áherslu á læsi, bókalestur, auka orðaforða og efla málskilning. Einnig var unnið með læsi í félagslegum aðstæðum. Við lögðum áherslu á tilfinningalæsi þar sem börnin æfðu sig í að segja frá hvernig þeim líður/tilfinningar sínar og var unnið út frá bókinni *Litaskrímslin*.

Við unnum að valdeflingu barna með ýmsum hætti og má þar nefna að við matarborðið æfðu þau sig í að hella, skammta sér sjálf og smyrja brauð. Leikefni og listatengt efni var þar sem börnin gátu gengið að því. Kennarar voru duglegir að hlusta og spyrja um hugmyndir barnanna í sambandi við val á efnivið í frjálsum leik og listum og höfðu þau þannig áhrif á eigið nám á leikskólanum. Þeim fannst gaman að búa til leikrit og sýna vinum sínum. Kennarar tóku eftir að í lok vetrar hafði aukist að börnin spurðu hvað orð þýddu og einnig að þau voru duglegri að tjá eigin tilfinningar og voru meðvitaðri um líðan annarra.

Haldnir voru fundir með elstu börnunum þar sem rætt var mikilvægi þess að þau hugsuðu vel um náttúruna/umhverfið sitt. Börnin sýndu mikinn áhuga á að læra um fugla og skordýr. Þau tóku einnig þátt í að rækta grænmeti og blóm sem þau fóru með heim og var þetta í samræmi við markmið Grænánans okkar.

Næsta vetur ætlum við að leggja áherslu á leik og valdeflingu barna. Við viljum gefa þeim aukin tækifæri á að segja skoðanir sínar og hugmyndir, ásamt því að halda áfram með læsi, sem hefur áhrif félagsleg samskipti og frjálsan leik barnanna.





Valdefling barna/sjálfstæði: Við ætlum að prófa flæði í nónhressingu og flæði/val eftir kaffitíma.

Halda áfram að efla sjálfstæði þeirra við matarborðið, fataklefa og fjálsan leik. Við viljum gefa þeim fleiri tækifæri til að tjá hugmyndir sínar í litlum hópum.

Frjáls leikur: Efla leik og vináttu í samskiptum barnanna. Þora og hafa frumkvæði að því að koma inn í leik hjá hvort öðru og vera virkir þátttakendur.

Læsi: Halda áfram að vinna með læsi, lestur bóka, skilning og búa til sögur og ævintýri.

Tilfinningalæsi, nota tilfinningastikuna, félagsfærnissögur, nota litaskrímslin og verkefni úr Blæ.

8 Umbótaáætlun 2025-2026

Deild/aldur barna	Bjartilundur 1-2 ÁRA
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sköpun / uppeldis og menntastarf Efla sköpun á deildinni, auka aðgengi barnanna að efnivið. Efla börnin til tónlistasköpunar.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efniviður sé í hæð barnanna hvort sem það séu leikföng eða föndur. Börnin fái aðgang að þeim leik/efniviður sem þau vilja innan skynsamlegra marka. Efla tónlistasköpun, kenna börnum skólasöng leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja myndir utan á skáp af þeim efnivið sem geymdur er þar inni eins og pinna, púsl og leir. Börnin læri skólasöng leikskólans og syngi hann markvisst þar til allir hafa lært hann.
Ábyrgð	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September/ október út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Einu sinni í mánuði á deildafundi með samræðum starfsfólks. Viðmiðið er að börnin geti sótt sér sjálf eða beðið um þann efnivið sem þeim langar í.





Deild/aldur barna	Bjartilundur 1-2 ÁRA
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sjálfbærni og valdefling – uppeldis og menntunarstarf Efla börnin að klæða sig sjálf og leyfa rödd sinni að heyrast.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin fá í tækifæri til þess að gera sjálf eins og klæða sig og séu hvött til þess, smyrja sjálf brauðið sitt í nónhressingu, setjast á kopp eða klósett. Geta stoppað vin ef hann fer yfir mörk barnsins. Ásamt því að passa upp á vatnið okkar ekki renna of lengi, ekki fíkta í ljósarofum, passa upp á pappírs notkun (handþurrkur, klósettpappír). Týna rusl í nær umhverfi, ræka matjurtir og passa upp á Bambahúsið okkar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hvetja börnin að reyna sjálf, gefa þeim eigin hníf til að smyrja brauðið sitt, bjóða þeim að setjast á kopp/ klósett, hrósa þeim ef vel gengur.
Ábyrgð	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Á deildafundum einu sinni í mánuði með samræðum starfsmanna til þess að meta stöðuna hverju sinni. Einnig spyrja börnin.

Deild/aldur barna	Geislalundur 2-3 ÁRA
Umbótaþáttur/matsþáttur	Málörvun, hljóðkerfisvitund – uppeldis og menntunarstarf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Vinna að bættri hljóðkerfisvitund barnanna með því að nýta námsefni Lubba markvissara
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að setja inn markvissar stundir 1x í viku þar sem er unnið í minni hópum (5-6) með námsefnið
Ábyrgð	Tveir starfsmenn deila ábyrgð ásamt deildarstjóra
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	september 2025 – apríl 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Deildarfundir yfir veturinn Evi II lagt fyrir 3 – 4 ára



Deild/aldur barna	Geislalundur 2-3 ÁRA
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lýðræði og valdefling – uppeldis og menntastarf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Halda áfram með þann grunn sem gerður var þennan vetur og bæta við: Aukinni sjálfshjálpi við matarborð og aðgang að leikefni
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk meðvitað um borðsiði, gefa þeim tækifæri að skammta sér sjálf, nota bæði hníf og gaffal. Að auka áhrif barnanna í vali á leikefni og gera leikefnið sýnilegra, t.d. það sem erfitt er að hafa uppi við. Þá er hægt að taka myndir. Einnig læsi í leikinn og barnahópin og hvað þau vilja.
Ábyrgð	Starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	september 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið á deildarfundum og einnig rætt við börnin í minni hópum.





Deild/aldur barna	Sunnulundur 3-4 ÁRA
Umbótaþáttur/matsþáttur	Tilfinningalæsi / uppeldis- og menntunarstarf, mannauður/leikskólabragur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að kennarar efli færni sína til að styðja við tilfinningaþroska barnanna og efla jákvæða sjálfsmynd þeirra.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kennarar efla sína fagvitund um tilfinningaþroska barna, í gegnum námskeið, lestur faggreina og skoða það efni sem er til í leikskólanum. Kennarar leggja sig fram við að hlusta og styðja við börnin í leik og starfi og bjóða fram aðstoð þegar börnin óska eftir. Kennarar leggja orð á tilfinningar og styðja börnin í að vinna úr þeim. Kennarar sýna fordæmi með jákvæðum og góðum samskiptum sín á milli.
Ábyrgð	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Notast verður við tengslahring Barnaheilla á deildarfundum Deildarstjóri leggur fyrir könnun í byrjun og lok verkefnis og starfsfólk metur sjálft hvernig það stendur með þær áherslur sem koma fram hér að ofan.

Deild/aldur barna	Sunnulundur 3-4 ÁRA
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sköpun/uppeldis – og menntunastarf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	sköpunargleði í leik og fjölbreyttur efniviður hefur verið mjög mikill, við viljum víkka það út í listsköpun þeirra og gefa börnunum tækifæri á að hafa meiri áhrif á hvernig þau sjálf framkvæma sköpunarverkefnið sem eru á deildinni. Dæmi: Verið að vinna með tröll en hverju og einu barni er frjálst að velja úr hvaða efnivið og hvernig það skapar tröllið.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk ræðir við börnin og býður upp á mismunandi efnivið og fjölbreyttar hugmyndir til listsköpunar.





Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Einu sinni í mánuði á kennarafundi ræðum við hvaða valkostir hafa verið í boði á hverju verkefni. Fylla út könnun í september, í janúar og í maí. Deildarstjóri gerir könnun sem starfsfólkið svarar 3x yfir veturinn.

Deild/aldur barna	Stjörnulundur 4-5 ára (2020)
Umbótaþáttur/matsþáttur	Læsi í víðum skilningi - Uppeldis og menntastarf
Tækifæri til umbóta- Að hverju er stefnt?	Efla starfsmenn og börn í að greina og auka færni barna í læsi, vináttu og frjálsum leik.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Teymisfundir: umhverfis-, lífsleiknis-, læsis- og listasteymi þar sem allir starfsmenn fá tækifæri á að hafa áhrif á starf leikskólans.
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildar og deildarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Að hausti fram á vor
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Fundur á fjögurra vikna fresti, hvernig gekk hvað er hægt að gera betur, allir starfsmenn hefa tækifæri að koma með hugmyndir og hafa áhrif á framvindu mála. Umræða á deildarfundum, skrá samtöl við börnin, skráningar í leik barnanna. Starfsmenn koma með reynslusögur og skráningar á deildafund og við ræðum saman um ákveðið efni.



9 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsfólk leikskólans var duglegt að sækja sér fræðslu. Á skipulagsdegi í september var lokið innleiðingu Hugarfrelsis á núvitundarnámi með börnum. Í október var unnið að nýrri skólanámskrá með því að horfa á myndbönd um leikinn og inngildingu frá Guðrúnu Öldu Harðardóttur ásamt umræðum. Í nóvember var sameiginlegur skipulagsdagur með leikskólum hverfisins þar sem kom fræðsla frá vellíðunarteymi Reykjavíkurborgar og fyrirlestur um gleði frá Eddu Björgvins.

Skipulagsdagurinn í febrúar féll niður vegna veðurs en í mars var mannauðurinn nýttur í fræðslu og starfsmenn voru með kynningu um skráningar annars vegar og jóganámið okkar hinsvegar. Í maí var lagt land undir fót og farið í Borgarnes þar sem leikskólinn Ugluklettur var heimsóttur og sérstaklega skoðað flæði og hæglæti. Í kjölfarið var unnið að endurmati vetrarins. Leikskólastjóri tók starfsþróunarsamtöl við allt starfsfólk leikskólans í maí og júní.

- Aðstoðarleikskólastjóri lauk forystunámi Reykjavíkurborgar.
- Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri sóttu Erasmus námskeið í *conflict management and emotional intelligence* í apríl í Barcelona
- Tveir deildarstjórar tóku þátt í Menntafléttunámskeiði um lausnarhring Brákaborgar
- Allt starfsfólk fékk fræðslu frá Miðju máls og læsis um námsefnið Orð eru ævintýri.
- Einn háskólamenntaður starfsmaður ásamt mentor, aðstoðarleikskólastjóra, tók þátt í íslenskuþorpi Menntafléttunnar.
- Einn deildarstjóri sótti lærdómssamfélag um leikinn á vegum Reykjavíkurborgar
- Tveir deildarstjórar luku deildarstjóranámi Reykjavíkurborgar
- 4 starfsmenn sóttu fræðslu frá Reykjavíkurborg um ADHD í júní
- Trúnaðarmaður Eflingar sótti alls 9 fræðsludaga hjá Eflingu
- Trúnaðarmaður KÍ fór á fræðsludag félagsins
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu ráðstefnu Félags stjórnenda í leikskóla þar sem meðal annars var fjallað um vellíðan starfsmanna og góðan starfsanda.
- Einn starfsmaður sótti leikskólakennaranám við Háskólann á Akureyri
- Þrír starfsmenn stunduðu nám við Háskóla Íslands

Í starfsþróunarviðtölum á árinu kom fram áhugi fyrir því að hafa námskeið tengt hvernig hægt er að vinna með ADHD hjá börnum og námskeið tengt jóga með börnum. Áhugi er fyrir því hjá einhverjum að halda áfram í lærdómssamfélögum og fjölgað hefur í hópi þeirra starfsmanna sem eru búnir að skrá sig í leikskólakennara námið eða hafa áhuga fyrir því.



10 Samstarf leikskóla við Sæmundarskóla og frístund

Í vetur fóru elstu börnin í mánaðarlegar heimsóknir í Sæmundarskóla þar sem meðal annars var kynnt fyrir þeim listgreinar, íþróttahúsið og frístundarheimilið Fjósið. Það samstarf heldur áfram næsta vetur en ekki eru komnar dagsetningar.

Einnig kom 1. bekkur í heimsókn að hausti og 7. bekkur kom og las fyrir börnin í tilefni dags íslenskrar tungu. Leikskólinn var í samvinnu við Fram með fótboltaæfingu einu sinni í viku og verður aftur boðið upp á það á næsta ári.

Leikskólar hverfisins héldu sameiginlegan starfsdag þar sem starfsfólk fékk fræðslu um vellíðan og gleði. Einnig var samvinna með leikskólunum um Brúðubílinn.

11 Foreldrasamvinna

Foreldrum er boðið reglulega í heimsóknir í skólann og í ár var ömmu og afa kaffi í nóvember, opið hús í lok nóvember í tilefni af afmæli leikskólans, heimsókn jólasveinsins í desember, þorra – og góu kaffi í janúar og febrúar og svo opið hús í lok maí. Einnig bauð foreldrafélagið upp á jólaföndur og skipulagði sveitaferð þar sem börn og fjölskyldur þeirra á samt starfsfólki áttu góðan dag.

Við leikskólann er starfrækt foreldraráð og foreldrafélag. Þau vinna saman og er fundað einu sinni að hausti en aðrir fundir eru í höndum foreldrafélagsins. Samskipti milli stjórenda og foreldrafélags fer fram í gegnum tölvupósta og facebook hóp. Foreldraráð fer yfir starfsáætlun og skóladagatal og er með í ráðum ef það þarf að breyta því.





12 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skóladagatal Reynisholts 2025-2026											
AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M	1 M
2 S	2 S	2 F	2 S	2 F	2 F	2 M	2 M	2 F	2 L	2 S	2 F
3 M	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 S	3 S	3 F	3 S	3 M	3 F
4 M	4 F	4 L	4 S	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S
5 S	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S	5 S	5 F	5 S
6 M	6 L	6 M	6 F	6 S	6 S	6 F	6 F	6 M	6 M	6 S	6 S
7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 S	7 F	7 S	7 S
8 F	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 S	9 F	9 F	9 S	9 S	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 S	9 F
10 S	10 M	10 M	10 M	10 M	10 S	10 S	10 F	10 F	10 M	10 M	10 F
11 M	11 F	11 L	11 S	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S
12 F	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 F	12 F	12 S
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 S	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M
14 F	14 S	14 S	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 S	14 F	14 S	14 S
15 F	15 M	15 F	15 S	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 S	16 M	16 F	16 F	16 S	16 F	16 M	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 S	17 S	17 F	17 F	17 M	17 F
18 M	18 F	18 L	18 S	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S
19 S	19 F	19 M	19 M	19 F	19 M	19 F	19 F	19 S	19 S	19 S	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 F	20 F	20 F	20 M	20 M	20 S	20 M
21 F	21 S	21 F	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 S	21 F	21 S	21 S
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M
23 S	23 S	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 F	23 M	23 S	23 S
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 S	24 S	24 F	24 S	24 M	24 F
25 M	25 F	25 L	25 S	25 F	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S
26 S	26 F	26 M	26 M	26 F	26 M	26 F	26 F	26 S	26 S	26 S	26 M
27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 F	27 F	27 F	27 M	27 M	27 S	27 M
28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M	28 L	28 L	28 S	28 F	28 S	28 F
29 F	29 M	29 M	29 S	29 M	29 F	29 S	29 S	29 M	29 M	29 S	29 M
30 S	30 F	30 F	30 S	30 F	30 M	30 F	30 F	30 S	30 F	30 M	30 F
31 S	31 F	31 F	31 M	31 M	31 L	31 M	31 M	31 F	31 M	31 S	31 F

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opin allit sumarið eða loki samfelld í tíu virka daga til tuttugu virka daga. Stefna SFS er að í hverju hverfi leitist

13 Fylgiskjöl

13.1 Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Elín Júlíana Sveinsdóttir
Leikskólastjóri

30. júní 2025
Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2025 – 2026

Leikskólinn Reynisholt

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa: Elva Margrét Árnadóttir

Reykjavík





30. júní 2025

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já og hefur það sést í starfinu síðastliðið skólaár. Til dæmis sá þáttur að stuðla að aukinni valdeflingu hjá börnunum. Það hefur verið gaman að sjá og heyra af því hve mikið börnin eru höfð með í ráðum og að á þau sé hlustað. Þau fái að velja hvað sé matinn, hvert eigi að fara í ferðir og annað tengt starfinu.

Einnig vill foreldraráð koma því hrósi til skila hve vel er haldið utan um þau börn sem eru í skólahóp á Stjörnulundi, góð aðlögun og gott samstarf á milli Reynisholts og Sæmundarskóla.

Breytingarnar á Bjartalundi og nýja leiksvæðið hafa komið mjög vel út, einnig lokunin að salnum sem nýtist núna líklega á annan og betri hátt.

Vonandi halda umbætur á vinnurými starfsmanna og barna áfram því að lykillinn að góðu starfi er að öllum líði vel.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Á heimasíðu Reykjavíkurborgar er hægt að finna starfsáætlun leikskólans og er hún mjög auðlesanleg.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Starfsáætlunin er svo sannarlega góð innsýn í starfið og svo gott að sjá á blaði hvað er í vændum.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Engar athugasemdir.

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Elva Margrét Árnadóttir



